

Nd.

38. Frumvarp til laga

[29. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. C. 30. orðist svo:

Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði á Norðurlandsveg austan Vatnsskarðs.

2. Á eftir C. 32 komi nýr liður:

Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi við Svartárbrú, hjá Reykjum, um Héraðsdal á Skagafjarðarveg við fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum hjá Flata-tungu.

3. C. 34 orðist svo:

Austurdalsvegur: Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum, yfir Jökulsárbrú vestri að Skatastöðum og þaðan yfir væntanlega brú á Jökulsá eystri að Merkgigli.

4. Á eftir C. 34 komi tveir nýir liðir:

a. *Kjálkavegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Flatatungu að Gilsbakka.

b. *Norðurárdalsvegur:* Af Skagafjarðarvegi sunnan Norðurárbrúar hjá Skeljungshöfða um Norðurárdal að Borgargerði.

5. Á eftir C. 37 komi nýr liður:

Hegransvegur vestri: Af Hofsóssvegi hjá Hellulandi að Keldudal.

6. Á eftir C. 38 komi nýr liður:

Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi í Kjarvalsstaðanesi, vestan Hjaltadalsár að Hrafnhóli.

7. Aftan við C. 39 bætist með álmu um Unadal að Hrauni.

8. Á eftir C. 39 komi nýr liður:

Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi við Hrollaugsdalsárbrú, austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg hjá Keldum.

9. Á eftir C. 40. komi nýr liður:

Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Sléttu að Skeiði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp að mestu samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgi því svo hljóðandi greinargerð:

Eins og kunnugt er, byggist mjólkurframleiðsla meðal annars á því, að vegir séu þannig, að unnt sé að halda uppi daglegum mjólkurflutningum allt árið. Þrátt fyrir þessa nauðsyn á enn langt í land, að vegamál Skagafjarðarsýslu komist í það horf, er mjólkurframleiðslan og aðrir framleiðsluhættir krefjast. Aðeins nokkur hluti bænda í héraðinu getur flutt mjólk að staðaldri til mjólkursamlagsins sökum vegleysis eða ófullnægjandi samgangna. Stafar þetta að nokkru af því, að tregða hefur ávallt verið á, að ríkissjóður legði sýsluvegasjóðum fé, svo sem þurft hefði til móts við framlög héraðsbúa til að standa undir kostnaði við nýlagningu og viðhald sýsluvega. Lagning sýsluvega miðar því viðast mjög lítið, og vegirnir verða ófærir, strax og tíð spillist. Mjólkurframleiðendur, sem búa við þessa vegi, verða árlega af þessum sökum fyrir þungum búsigjum. En aðrir treystast ekki til að snúa sér að mjólkurframleiðslu sökum erfiðleika við flutninga. Til þess að ráða bót á þessu hefur Alþingi horfið að því ráði á undanförunum árum að taka sýsluvegi upp í þjóðvegatölu og létta þannig nokkuð á sýsluvegasjóðunum. Þrátt fyrir þessa viðleitni og með skirskotun til fjárskorts sýsluvegasjóðs og nauðsynjar mjólkurframleiðenda teljum við flutningsmenn nauðsyn til bera, að framangreindir vegir og vegakaflar verið teknir í tölu þjóðvega. Eftir verða samt mikil verkefni fyrir sýslusjóð Skagafjarðarsýslu, ef sinna á, svo að vel sé, vegabörf héraðsbúa.